

## **11. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar**

11. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 28. janúar 2025 kl. 9:00 í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Eva Björk Valdimarsdóttir, biskupsritari og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

### **1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn**

#### **2. Sóknargjöld**

- a. Undir liðnum kom Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, á fund nefndarinnar.
- b. RV fór yfir fund stjórnar og forsætisnefndar varðandi breytingar á fyrirkomulagi sóknargjalda. Fóru fram umræður um fundinn, þær tillögur sem þar voru ræddar og aðra möguleika í stöðunni.

#### **3. Mönnun þjónustunnar**

- a. Undir liðnum kom Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofu- og mannauðs-stjóri, á fund nefndarinnar.
- b. Gerði hún grein fyrir mönnun þjónustunnar og þær breytingar sem þar hafa átt sér stað og eru fyrirhugaðar.

#### **4. Yfirlit framkvæmdastjóra**

- a. Rekstraryfirlit 2024
  - i. BG gerði grein fyrir rekstraryfirliti ársins 2024.
- b. Samningur um rannsókn- og nýtingarleyfi Staðarárvirkjunar
  - i. BG lagði fram og gerði grein fyrir drögum að samning um rannsókn- og nýtingarleyfi Staðarárvirkjunar.
  - ii. Athugasemd var gerð við orðalag ákvæðis 5.6. og mun framkvæmdastjóri óska eftir breytingu á því.
- c. Fasteignayfirlit
  - i. BG gerði grein fyrir yfirliti yfir þær fasteignir Þjóðkirkjunnar sem ekki eru nýttar í þjónustu kirkjunnar.
- d. Málefni Reykholts
  - i. BG gerði grein fyrir framvindu viðræðna við fyrrum ábúanda á staðnum.
  - ii. Jafnframt gerði BG grein fyrir viðræðum um hirðu á staðnum.

#### **5. Önnur mál**

- a. ÁH lagði til að varamönnum yrði send fundarboð og fundargögn og var það ákveðið.
- b. AG óskaði eftir dagsetningum á fundum fram á vor. Verða fundir haldnir þriðja þriðjudag í mánuði nema annað sé sérstaklega ákveðið.

- c. RV kallaði eftir umræðu um varasjóð, þ.m.t. ávöxtun og útgreiðslu. Starfshópur er með málið til umfjöllunar og þarf að skoða málið með starfshópnum.
- d. ÁH bar fram fyrirspurnir varðandi vinnu biskupafundar við sameiningar og skýrslu fasteignasviðs um ástand fasteigna. Verða áfangaskýrslur tilbúnar fyrir næsta kirkjuþing.

Næsti fundur var ákveðinn 18. febrúar 2025 kl. 9:00. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:11.